

# Mjaltaþjónninn og sumarbeitin

Útbreiðsla mjaltaþjóna er orðin veruleg víða erlendis og áhugi bænda á þessari tækni fer jafnt og þétt vaxandi. Útbreiddust er tæknin orðin í Hollandi, enda kom hún fyrst fram þar, þá Danmörku, Svíþjóð og Frakklandi. Í Hollandi eru nú um 600 kúabú með mjaltaþjóna og í hinum löndunum þremur eru þau á bilinu 250-320 í hverju landi.

Víða láta bændur sem nota mjaltaþjóna ekki kýrnar út á beit. Rök þeirra eru einkum tvenns konar; það kostar vinnu að þurfa að sækja kýrnar og nytin minnkar. Reyndin er þó sú að þetta er ekki alls kostar rétt samkvæmt niðurstöðum rannsókna sem ESB fjármagnaði. Af þeim rannsóknum og/eða athugunum má sjá að hægt er að samhæfa mjaltir með mjaltaþjóni og beit ólíkt því sem margir, t.d. danskir og hollenskir, bændur hafa viljað meina.

## Ekki marktækur munur á nythæð

Á fjórtán hollenskum kúabúum með mjaltaþjón var kannað hvort munur væri á nythæð á dag eftir því hvort kúnum væri beitt eða þær fóðraðar inni. Til jafnaðar minnkaði nytin um 2,5% við beitina en munur milli búa var allnokkur, frá því að nytin jókst um 3,1 kg niður í að hún minnkaði um 3,1 kg. Að meðaltali fækkaði mjöltum um 6% á dag ef kúnum var beitt, þ.e. mjaltatíðni féll úr 2,68 í 2,61 mjaltir á dag að meðaltali. Þessi munur er langt frá því að vera nægilega afgerandi til þess að hægt sé að álykta, hvað þá alhæfa, að beit henti ekki með mjaltaþjóni.

## Beitarstykkinn mega ekki vera of langt frá fjósi

Skiptir máli hversu langt er á beitarstykkid frá fjósinu? Þetta var kannað í fyrrgreindri rannsókn með allbreytilegum niðurstöðum sem þýðir að einhlít ráðgjöf þar að lútandi er erfið viðfangs.

Í Hollandi var þetta athugað á 25 búum 2002 og 2003. Fjarlægð á beitarstykkinn frá fjósi var annað hvort minni en 150 m eða meiri en 500 m. Hvorugt árið var marktækur munur á nythæð, mjaltatíðni eða fjölda kúa sem sækja þurfti í mjaltir. Aftur á móti var áramunur á niðurstöðunum þannig að 2003 þurfti að sækja fleiri kýr í mjaltir en árið á undan og tími milli mjalta var að meðaltali lengri. Líklegustu skýringuna er að finna í mun á grassprettu og veðurfari. Hins vegar sýndi sig að það skiptir máli ef verulega langt er orðið út á beitarstykkid (meira en 1 km). Þá fækkaði mjöltum á hverja kú á dag. Danskir rannsóknir hafa sýnt sömu eða mjög áþekkar niðurstöður.

Sænsk rannsókn sýndi aftur á móti marktækan mun á nyt, mjaltatíðni og beirtartíma. Í henni var kúnum beitt á stykki, í annars vegar 50 m fjarlægð og hins vegar 260 m, þar sem niðurstaðan var því betri sem styttra var í beitina. Ef til vill skiptir máli í þessu tilviki að þar sem lengra var á beitina sáu kýrnar ekki stykkið um leið og þær komu út úr fjósinu heldur þurftu að beygja fyrir horn.

Af þessu má því draga þá ályktun að 400-500 m fjarlægð á beit skiptir engu eða mjög litlu máli eigi að beita kúnum samhliða því að mjólkað er með mjaltaþjóni. Lengri vegalengd getur hins vegar dregið úr mjaltatíðni og þar með nyt. Þetta gerir auknar kröfur til staðsetningar

fjósa með mjaltaþjóna eigi að beita kúnum. Þau þurfa að vera sem mest miðsvæðis og aðgengi kúnna til og frá þeim að vera sem greiðast.

## Ekki beita kúnum fyrir „morgunmjaltir“

Eitt stærsta vandamálið við að beita kúum sem mjólkaðar eru af mjaltaþjóni er að þær koma síður sjálfviljugar í mjaltir en þegar þær eru inni allan sólarhringinn. Athuganir sýna að því fyrir sem þær eiga að mjólkast að deginum því fleiri kýr þarf að sækja. Hins vegar borgar sig ekki að vera of fljótur til heldur gefa kúnum færi á að læra þetta sjálfar. Smátt og smátt venjast þær því að fara heim og láta mjólka sig. Besta raun virðist gefa að stjórna umferð kúnna þannig að þær komist ekki út á beit fyrir en að loknum mjöltum að morgni. Sænskar og hollenskar rannsóknir hafa sýnt að frjáls umferð kúnna gefur færri mjaltir á kú á dag en stýrð umferð.

Gróffóðurgjöf með beitinni virðist ekki breyta nokkru um nyt eða mjaltatíðni. Í þessu tilviki er átt við gróffóður gefið inn á fóðurgang þannig að kýrnar þurfa að koma inn til að éta. Sé nóg framboð af grasi breytir engu hvort kýrnar hafa aðgang að gróffóðri eftir lyst eða hvort um takmarkað framboð er að ræða. Dragi úr beitarframboði skiptir gróffóðrið hins vegar orðið verulegu máli. Hins vegar er sjálfsagt að gefa ávallt gróffóður með beit, það dregur úr dægursveiflum þegar t.d. kýrnar beita sér illa eða lítið vegna veðurs. Það á við hvernig sem kýrnar eru mjólkaðar.

## Umframafköst auðvelda beit

Þegar kýrnar eru á innstöðu dreifast mjaltir nokkuð jafnt yfir sólarhringinn. Þetta er öðruvísi þegar kýrnar fara út á beit, þá dreifast mjaltirnar mjög ójafnt yfir sólarhringinn. Þær kýr sem koma sjálfviljugar heim í mjaltir koma allar saman í hóp og við mjaltaþjóninn myndast röð. Það sama á við um þær kýr sem þarf að sækja. Þær koma einnig í hóp. Þetta þýðir að það er mjög erfitt að beita kúnum ef kúafjöldinn nálgast þau mörk sem mjaltaþjóninn annar án þess að það komi niður á mjaltatíðni og nyt. Umframafköst hjá mjaltaþjóninum þýða aftur á móti hið gagnstæða.

## Takmörkun aðgengis að vatni breytir engu

Reynt hefur verið að tæla kýrnar heim í mjaltir með því að hafa einungis vatn í fjósinu en ekki úti á beitarstykkinu. Í fyrstu finnst manni þetta ekki hljóma vel, bæði út frá dýravelferð og svo mjólka kýrnar þeim mun minna sem þær drekka minna. Sænsk rannsókn sem hefur verið í gangi í tvö ár sýnir hins vegar að enginn munur er á hve mikið kýrnar drekka eða mjólka eftir því hvort aðgengi að vatni er einungis í fjósinu eða bæði í fjósinu og úti á beitinni. Það sem meira er að þrátt fyrir að kýrnar í rannsókninni kæmust ekki inn nema fara gegnum mjaltaþjóninn var enginn munur á mjaltatíðni. Það er því ekkert sem mælir með því að takmarka aðgengi kúnna að vatni til þess að lokka þær í mjaltir.

## Mjaltatíðni stjórnast ekki af lengd beirtartíma

Það getur verið mikill munur milli búa hve lengi kýrnar eru á beit. Í hollenskri rannsókn á 25 búum var kúnum

skipt í þrjá flokka eftir lengd beirtartíma á dag. Fyrsta flokknum var beitt í meira en 15 tíma á dag, öðrum í 11-15 tíma og þeim þriðja 5-11 tíma. Í samsvarandi danskri rannsókn var kúnum beitt í 5-20 tíma á dag. Báðar þessar rannsóknir sýndu engan marktækan mun á beirtartíma og mjaltatíðni.

Danska rannsóknin sýndi að því styttri tíma sem kýrnar hafa á beit því betur nýta þær hann til beitar. Þannig voru


þær utandyra í allt að 85% af þeim tíma sem að opið var út á beitarstykkinn. Í þeim flokkum þar sem beirtartíminn var lengstur voru þær utandyra í 40-60% tímans að meðaltali. Þær héldu sig því jafnlengi inni til jafnaðar þrátt fyrir að eiga þess kost að vera utandyra.

Månedsmagasinet Kvæg 5/2004  
Þýtt og staðfært af Guðmundi Jóhannessyni

## Áhrif sláttutímans eru afgerandi á gæði heyja

Síðastliðið sumar var um margt athyglisvert varðandi sprettu, fóðurgildi og magn heyja. Ljóst var eftir því sem heysýnaniðurstöður fóru að berast úr efnagreiningum síðsumars að orkugildi heyjanna yrðu misjöfn eftir sumarið. Þetta birtist síðan að hluta í minni mjólkurframleiðslu fram eftir vetri. En hver voru áhrifin í raun samkvæmt mælingum á orkugildi heyjanna?

Á eftirfarandi línuriti má sjá samband milli sláttutíma og orkugildis (Fem/kg þurrefnis) miðað við heysýni úr 1. slætti á svæði Búnaðarsambands Suðurlands sumarið 2003. Að baki þessu grafi liggja til grundvallar rúmlega 560 heysýni.



Eins og sést á línuritinu er býsna gott samræmi milli lækkunar í orkugildi og sláttutímans. Strax upp úr 20. júní er orkugildið að jafnaði komið niður undir 0,8 Fem/kg þurrefnis. Það tölugildi er oft notað sem mælikvarði á hvort heyið sé í raun framleiðslufóður fyrir mjólkurkúr.

## KÝR 2004

Þann 28. ágúst nk. standa Búnaðarsamband Suðurlands og Félag kúabænda á Suðurlandi fyrir kúasýningunni KÝR 2004 í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli. Sýningin verður að öllum líkindum með nokkuð líku sniði og áður þó vænta megi einhverra smávægilegra breytinga.

Ekki er endanlega búið að ákveða sýningarflokkana en þó er víst að sýndir verða kálfar, 1. kálfs kvígur og mjólkurkúr. Það er því um að gera að fara að velja kálfa og kúr til þjálfunar því tíminn er fljótur að líða.

Undirbúningsnefnd sýningarinnar er skipuð þeim Guðmundi

Miðað við reynslu síðastliðins sumars og sprettuferils eru bændur hvattir til að fylgjast vel með sprettu næstu daga og bregðast við í tíma áður en orkugildi grasanna fer að falla að einhverju marki.

Runólfur Sigursveinsson

## Gæðastýringarnámskeið í sauðfjárrækt

Verður haldið 23. júní n.k. í fundarsal Búnaðarsambands Suðurlands, Austurvegi 1 kl: 10:00-17:00. Frekari upplýsingar í síma 487-4818.

## Tilkynning frá Héraðsdýralækni Suðurlands

Vegna riðu hefur yfirdýralæknir ákveðið að öllu fé sem kemur fyrir í öðrum réttum en heimaréttum í Árnessýslu skuli fargað og bætt sem línubrótar.

Sjá nánar á heimasíðum [www.bssl.is](http://www.bssl.is) og á [www.yfirdyralaeknir.is](http://www.yfirdyralaeknir.is)

Katrín Andrésdóttir.



## Drifskaftefni

- Hnífar og tindar í flestar gerðir hevvinnutækja



## GERNI háprýstidælur

### Mikið úrval varahluta í landbúnaðartæki



buvelar.is

Jötunn Vélar  
- Sterkur félagi -



Finnogi Magnússon  
Frámæðastjóri



Helgi Jóhannsson  
Sölumaður



Magnús Marísson  
Varahlutir



Tómas Guðmundsson  
Varahlutir



Þóraninn Sigvaldason  
Sölumaður



Óssur Björnsson  
Þjónustustjóri



# FRÉTTABRÉF

## BÚNAÐARSAMBANDS SUÐURLANDS

Júní 2004 - 26. árgangur. - 8. tölublað

### EFNI BRÉFSINS

Hvers vegna heysýni?  
Bls. 1

Kálæxlaveiki - styrkur í  
forvarnarskyni  
Bls. 1

Mjaltaþjónninn og  
sumarbeitin  
Bls. 2

Áhrif sláttutímans eru af-  
gerandi á gæði heyja  
Bls. 3

Kýr 2004  
Bls. 3

#### Ritstjórn:

Jóhannes Hr. Símonarson,  
Runólfur Sigursveinsson,  
Guðmundur Jóhannesson.

#### Ábyrgðarmaður:

Sveinn Sigurmundsson  
Sími 480 1800 - Fax 480 1818  
Netfang: [bssl@bssl.is](mailto:bssl@bssl.is)  
Vefslóð: <http://www.bssl.is>  
ISSN 1605-7546  
Prentun:  
Prentsmiðja Suðurlands ehf.

## Hvers vegna heysýni?

Líkt og undanfarin sumur verður lögð áhersla á að bændur á Suðurlandi taki hirðingarsýni, þ.e. taki heysýni rétt áður en heyið er tekið til rúllunnar eða sett á annan hátt í geymslu. Þátttaka í þessu starfi hefur verið góð undanfarin ár, að jafnaði hafa komið til efnagreininga 800 til 900 hirðingarsýni. Mjög er mismunandi hversu mörg sýni eru tekin á hverju búi. Algengt er að bændur taki 5 til 7 sýni til að fá yfirlit yfir gæði þess heimafengna fóðurs sem aflað er. Heysýnin verða efnagreind á Hvanneyri og RALA líkt og verið hefur. Kostnaður vegna efnagreiningar á hvert sýni á liðnu ári var um. 3.000 kr án VSK. Ekki liggur fyrir nákvæmt verð á sýni þetta sumarið en gert ráð fyrir að það verði svipað og sl. ár. Rétt er að rifja upp gagnsemi þessi að taka heysýni:

1. Meiri möguleikar á að fóðrunin verði markvissari og betri og heysýni eru grunnur að fóðuráætlanagerð.
2. Gefur vísbendingar um ástand túna og er stjórnæki til að meta áburðarþörf og val á áburði.
3. Ef fóðrunarkvillar gera vart við sig er auðveldara að grípa inn í ef menn hafa yfirlit um efnainnihald fóðurs.
4. Upplýsingar um efnainnihald fóðurs er einn mikilvægur liður í innra gæðaeftirliti búsin og treystir grunn að góðri framleiðslu.

Til að tryggja gott skipulag og til að átta sig á þátttöku eru væntanlegir þátttakendur beðnir að fylla út meðfylgjandi eyðublað og senda til Búnaðarsambandsins eða tilkynna þátttöku í síma 480-1800 eða í tölvupósti, [rs@bssl.is](mailto:rs@bssl.is). Í kjölfar skráningar fá bændur senda sérstaka plastpoka, límmiða og leiðbeiningar um sýnatöku.

Athygli SUNNU- og SÓMA bændu er vakin á því að þeir þurfa ekki að tilkynna þátttöku þar sem þeir fá allir send nauðsynleg gögn. SUNNU- og SÓMA bændur hafa þegar fengið send gögn til heysýnatöku.

Runólfur Sigursveinsson.

## Kálæxlaveiki — styrkur í forvarnarskyni

Á fundi Bjargráðasjóðs í maí var ákveðið að styrkja forvarnir gegn kálæxlaveiki með því að greiða bændum 15.000 krónur á hvern hektara lands sem í hafa verið ræktaðar jurtir af krossblómaætt og greinst hafa sýktir af kálæxlaveiki eða líkur eru á að hafi í sér smitefni. Styrkurinn er eingöngu veittur á slíkt land sé því lokað með grasfræi sem lið í því að eyða smitefninu úr landinu.

Búnaðarsamband Suðurlands þarf að hafa milligöngu um frágang umsókna og staðfesta að landinu hafi verið lokað til að styrkurinn fái greiddur. Frekari upplýsingar varðandi þennan lið veita Jóhannes og Kristján á Búnaðarsambandinu.

Nú í sumar mun kannast hvort sjúkdómurinn finnst víðar um Suðurland en hingað til hefur aðeins verið staðfest að veikinn finnst undir Eyjafjöllum og í austanverðum Gaulverjabæjarhreppi. Slíka yfirferð verður þó tæpast mögulegt

að fara fyrir en í ágúst þar sem plönturnar verða vart farnar að sýna einkenni sjúkdómsins fyrir en þá. Einnig mun verða farið á öll garðyrkjubýli og kannast hvort veikinn finnst þar. Eins og staðan er núna er sjúkdómurinn talinn einangraður við fyrgreindar sveitir og ákveðin garðyrkjubýli og væntingar því til þess að honum sé hægt að útrýma aftur. Hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir bændur og því brýnt að allir leggist á eitt svo þetta takist.

Munið að kálæxlaveiki er mjög smitandi sjúkdómur og að helsta smitleiðin er sýktur jarðvegur og sýktar plöntur. Þríf jarðvinnslutækja milli bæja/akra er því lykilatriði í því að sjúkdómurinn dreifist ekki frekar. Þríf þarf að framkvæma utan alfaraleiðar. Frekari upplýsingar á [www.bssl.is](http://www.bssl.is) og [www.bondi.is](http://www.bondi.is)

Jóhannes Hr. Símonarson.